

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 451/1977 um Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

#### 1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

#### 15. gr. **Lágmarksgjald.**

Ef gjald fyrir rafmagnsnotkun um mæli nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælinn, er rafmagnsveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafmagnsveitunni heimilt að taka mælinn niður og loka veitunni, eða breyta tengingu hennar.

#### 2. gr.

16. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

#### 16. gr. **Gjald fyrir raforku.**

Gjald fyrir raforku skal ákveða í gjaldskrá.

Notandi skal greiða rafmagnsveitunni gjald fyrir raforkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar á raforku skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Rafmagnsveitan má grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun, en í henni sé orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar, en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna á u. þ. b. 12 mánaðar fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra, og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar. Notandi getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjors, miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað, eða annan stað, sem hann tiltekur.

Gjaldalagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, má rafmagnsveitan áskilja sér og innheimta vanskilavexti, sem reiknist frá eindaga reiknings hverju sinni.

#### 3. gr.

17. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

#### 17. gr. **Lokun fyrir veitu og enduropnun.**

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup verulega, má rafmagnsveitan stöðva orkuafhendingu til notanda, að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist honum með þriggja daga fyrirvara.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila rafmagnsveitunni sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á álestrarreikningum. Rafmagnsveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við rafmagnsveituna.

Rafmagnsveitan hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

Rafmagnsveitan má stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti, sem henta þykir, með straumrofi í íbúð eða húsnæði notanda eða utanhúss. Rafmagnsveitunni er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar, enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá aðvörun um hana.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda getur rafmagnsveitan ákveðið að opna ekki aftur, nema ekki sé lengur um vanskil eða aðrar vanefndir að ræða og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

Ef viðskiptavinur óskar eftir því, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald samkvæmt gjaldskrá fyrir það, og einnig má taka fulla leigu fyrir mæla veitunnar þann tíma, sem hún er ekki í notkun.

Enginn má rjúfa straum eða endurtengja veitu nema þeir, sem Rafmagnsveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega straumnotkun.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkæmt 24. gr. orkulaga nr. 58/1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1983.*

F.h.r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Mosfellshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með sett sú regla um umferð í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu, að á gatnamótum **Vesturlandsveg** og Langatanga skuli umferð úr Langatanga vera stöðvunarskyld við Vesturlandsveg (stans).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Lögreglustjórinn í Kjósarsýslu, 28. nóvember 1983,*

**Einar Ingimundarson.**